

UMHVERFIS- og LOFTLAGSSTEFNA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2022 - 2030



Líðsmynd: Helga Kvam

Ljósmynd:

Samþykkt á fundi umhverfis og atvinnumálanefndar 25.04.2022


Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 09.05.2022



GILDISSVIÐ

Umhverfis- og loftlagsstefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til allrar starfsemi og reksturs sveitarfélagsins. Með umhverfis- og loftlagsstefnu skuldbindur sveitarfélagið sig til þess að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif sem hljótast af starfsemi hreppsins og stuðla að fræðslu á sviði umhverfis- og loftlagsmála til íbúa og starfsfólks hreppsins.

Umhverfis- og loftlagsstefna Svalbarðsstrandarhrepps er endurskoðuð á 4 ára fresti.



Líðsmmynd: Björg Erlingsdóttir



Líðsmmynd: Hanna Dóra Ingaðóttir



Líðsmmynd: Hanna Dóra Ingaðóttir



Líðsmmynd: Hanna Dóra Ingaðóttir



FRAMTÍÐARSÝN

Það er stefna Svalbarðsstrandarhrepps að umhverfis- og loftlagsmál séu höfð til hliðsjónar í ákvarðanatöku þegar kemur að innkaupum og framkvæmdum. Stefna Svalbarðsstrandarhrepps er að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum og laga sig að loftlagsbreytingum með vistvænum og mannvænum hætti.

Svalbarðsstrandarhreppur leitast við að vera umhverfisvænn vinnustaður í víðri merkingu. Áhersla er lögð á að draga úr efnis- og orkunotkun, efla möguleika íbúa á flokkun úrgangs og sýna gott fordæmi í aðgerðum til að draga úr kolefnisspori.

Svalbarðsstrandarhreppur leitast við að vera framsækið og víðsýnt sveitarfélag þegar kemur að loftlagsmálum. Sveitarfélagið starfar eftir skýrri aðgerðaráætlun um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna að mótvægisáðgerðum eins og skógrækt, endurheimt votlendis og íbúaþátttöku um sjálfbæran lífsstíl.



MARKMIÐ

Eitt meginmarkmið umhverfis- og loftlagsstefnu er að Svalbarðsstrandarhreppur bindi meira af koltvísýringi en sveitarfélagið losar.

Eitt helsta markmið sveitarfélagsins í umhverfis- og loftlagsmálum er að skila umhverfi og náttúru svæðisins til komandi kynslóða í jafn góðu eða betra ástandi en það er núna. Svalbarðsstrandarhreppur aðlagi sig að loftlagsbreytingum með vistvænum og markvissum hætti og sé til fyrirmyndar í loftlagsmálum.

Svalbarðsstrandarhreppur stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040.



<https://www.itu.int/en/>



HEIMSMARKMIÐ

Í umhverfis- og loftlagsmálum skipta bæði stóru og smáu skrefin máli. Við gerð umhverfis- og loftlagsstefnu Svalbarðsstrandarhrepps er horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og þriggja stoða sjálfbærrar þróunar: efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar.






Markmið Umhverfis- og loftlagsstefnu Svalbarðsstrandarhrepps:

- ❖ Auðlindir
- ❖ Orkunýting
- ❖ Framkvæmdir
- ❖ Skipulagsmál og manngert umhverfi
- ❖ Kolefnisjöfnun
- ❖ Neysluvatn
- ❖ Fráveitumál
- ❖ Úrgangsmál
- ❖ Atvinnulíf
- ❖ Samgöngur
- ❖ Umhverfisfræðsla
- ❖ Miðlun upplýsinga

Umhverfis- og loftlagsmál snerta líf okkar allra og eðli þeirra samkvæmt þá er framtíðarhugsun afar mikilvæg. Þrátt fyrir að framkvæmdir séu staðbundnar þurfa meginmarkmiðin að hafa hnattræna tilvísun. Sveitarfélög eru mikilvægir aðilar til að auðvelda íbúum sjálfbæran lífsstíl auk þess sem stefna og framkvæmdir sveitarfélagsins hafa mikil áhrif.



Mynd: www.geowariness.com

Í Svalbarðsstrandarhreppi er sjálfbærni höfð að leiðarljósi og þess gætt að jafnvægi sé milli félags,- umhverfis,- og efnahagslegra þátta. Sveitarfélagið vinnur stöðugt að úrbótum með reglulegri yfirferð og endurskoðun allra þátta er lúta að umhverfis- og loftlagsmálum og gætir þess að fylgja lögum og reglum þar að lútandi.



AUÐLINDIR OG ORKUNÝTING

Íbúar og rekstraraðilar kappkosti að nýta auðlindir vel og velji endurnýjanlega orkugjafa umfram óendurnýjanlega sé þess kostur. Sveitarfélagið og stofnanir þess viðhafi vistvæn innkaup, stuðli að notkun umhverfisvottaðra aðfanga sem og versli staðbundið. Stjórnsýslan kappkosti að vera pappírslaus. Sveitarfélagið stefnir á aukna kolefnisjöfnun og hvetur íbúa til þátttöku.

Aðgerðir:

- ✓ Í byggingum sveitarfélagsins verði led-lýsing
- ✓ Aukin notkun snjallbúnaðar í götulýsingu og led-lýsing á opnum svæðum
- ✓ Stefna skal að því að allir ljósastaurar sem settir eru upp séu með búnað sem auðveldar orkustýringu og eldri lýsingu skipt út fyrir orkusparandi lýsingu fyrir árslok 2023
- ✓ Svalbarðsstrandarhreppur stuðli að aukinni þekkingu starfsmanna og íbúa með fræðslu og upplýsingum á heimasíðu um hvernig bæta megi orkunýtingu í daglegu lífi og áhrifum betri nýtingar á líf okkar og umhverfi.





FRAMKVÆMDIR

Sveitarfélagið hafi sjálfbærni að leiðarljósi í framkvæmdum og gæti þess að umhverfisvænar lausnir séu hafðar til grundvallar. Framkvæmdir taki mið af landslagi. Gætt sé að lífríki á efnistöku- og framkvæmdasvæðum og jarðefni nýtt á bestan máta.

Aðgerðir:

- ✓ Varðveisla landgæða, náttúru og fjölbreytileika lífríkisins séu ávalt höfð að leiðarljósi við framkvæmdir í sveitarfélaginu.
- ✓ Þess sé gætt að ræktun skerði ekki náttúrulegar vistgerðir sem teljast verndarþurfi.
- ✓ Útivist sé stunduð þannig að neikvæð áhrif hennar á náttúru og lífríki séu í lágmarki.
- ✓ Gætt sé sérstaklega að fjöru, ferskvatni og votlendi.



Ljósmynd: Björg Erlingsdóttir



Ljósmynd: Guili Hall



Ljósmynd: Valyr - Hreiðarsson



SKIPULAGSMÁL OG MANNGERT UMHVERFI

Sveitarfélagið stuðli að fegrun umhverfis (ræktun til skjóls og prýði) og vinni gegn útbreiðslu illgresis, einkum aðfluttra, ágengra tegunda.

Gætt sé að útivistarsvæðum s.s. Reitnum, Vaðlaheiði og fjörunni, aðgengi sé gott og þau merkt svo þau nýtist íbúum og gestum sem best.

Vandað verði til nýbygginga, útlits og umhverfis og viðhaldi eldri bygginga sinnt svo hvorki sé til lýtis né hætta stafi af, þannig verði sjónræn áhrif vanhirtra bygginga, bifreiða, véla og tækja lágmörkuð. Gætt sé að götulýsingu sem og útlýsingu, hún sé innan skynsamlegra marka og þjóni tilgangi sínum.



<https://www.osce.org/occaaj/446296>



KOLEFNISBINDING

Markmið Svalbarðsstrandarhrepps er að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040 og laga sig að loftlagsbreytingum með vistvænum og mannvænum hætti. Helstu þættir í þeirri vinnu snúa að úrgangsmálum, vitundarvakningu, landnotkun, samgöngum og orkunotkun.

Aðgerðir:

- ✓ Sveitarfélagið styðji starfsemi skógræktarféлага og styðji skólasamfélagið til að rækta, nýta og njóta skógarreita
- ✓ Endurheimt votlendis
- ✓ Minnkun úrgangs
- ✓ Kolefnisjöfnun á starfsemi sveitarfélagsins
- ✓ Sveitarfélagið standi fyrir fræðslu



<https://medium.com>

Svalbarðsstrandarhreppur



<https://www.paperfirst.info/>

Ráðhús

606 Akureyri



s: 464 5500

postur@svabardsstrond.is



NEYSLUVATN

Íbúar, stofnanir og rekstraraðilar hafi greiðan aðgang að hreinu neysluvatni og reglulegt eftirlit haft með vatnsverndarsvæðum.



FRÁVEITUMÁL

Við fráveitumál í sveitarfélaginu verði umhverfisvænar lausnir nýttar sem kostur er og unnið gegn umhverfismengun sem hlotist getur. Rotþrær, fitugildir og annað slíkt sem notað er við hverskonar fráveitur uppfylli kröfur sem settar eru.

ÚRGANGSMÁL

Íbúar og rekstraraðilar hvattir til að draga úr almennum úrgangi með betri nýtingu, flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu sem kostur er. Aðstaða til förgunar sorps og úrgangs sé aðgengileg ásamt upplýsingum og fræðslu og íbúar hvattir til að nýta og tileinka sér þá möguleika til endurvinnslu og flokkunar sem í boði eru.



ATVINNULÍF

Svalbarðsströnd er landbúnaðarsvæði og bændur nýta búfjáraburð á tún sín, einnig er matvinnslufyrirtæki á Svalbarðseyri sem sömuleiðis hefur áhrif á nærumhverfi sitt.

Ferðaþjónusta er vaxandi í sveitarfélaginu auk þess sem margskonar atvinnufyrirtæki eru í sveitarfélaginu, mikilvægt er að rekstaraðilar sýni nærumhverfi sínu tillitsemi.

SAMGÖNGUR OG SAMGÖNGUÁÆTLUN

Möguleikar til vistvænna samgangna séu til staðar með t.d. hjólreiðastíg og almenningsamgöngum. Sveitarfélagið hvetji til orkuskipta í samgöngum og geri kleyft að hlaða rafmagnsbíla við opinberar byggingar. Sveitarfélagið setji sér áætlun í samgöngumálum



Ljósmynd: www.reykjavik.is



Ljósmynd: www.bbl.is



Ljósmynd: www.trulyunbelievable.com



UMHVERFISFRÆÐSLA

Unnið verði ötullega að útivistar- og grenndarkennslu og umhverfisfræðsla fléttuð sem víðast í kennslu leik- og grunnskóla í samræmi við hverja árstíð.



Líðsmynd: Valskóli



Líðsmynd: www.ehennistevanverid.com



Líðsmynd: Valskóli

Aðgerðir:

- ✓ Nemendur og starfsfólk verði virkjuð í umhverfisvænum viðhorfum í hugsun og verki í samræmi við hvert skólastig.
- ✓ Sama á við um starfsmenn annarra stofnana á vegum sveitarfélagsins, þeir kunni skil á umhverfismarkmiðunum, tileinki sér þau og verði til fyrirmyndar.
- ✓ Stuðlað verði að almennri þátttöku íbúa og rekstraraðila í umhverfisvænum lífsstíl með fræðslu, hvatningu og verkefnum sem allir geta tekið þátt í, þannig geti allir borið virðingu fyrir umhverfi og samfélagi á Svalbarðsströnd.



MIÐLUN UPPLÝSINGA

Samtal og miðlun upplýsinga til íbúa og fyrirtækja séu virk þannig að hvatning og samhugur verði í samfélaginu, vettvangur skapaður fyrir íbúafræðslu, til skoðanaskipta og umræðu á þann veg að íbúar verði vel upplýstir og meðvitaðir um mikilvægi þáttöku sinnar í umhverfis- og loftlagsvernd.

Aðgerðir:

- ✓ Fjölbreytt fræðsluefni á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps
- ✓ Fyrirlestrar og kynningar fyrir íbúa
- ✓ Umhverfisátak eins og umhverfisvika





Umhverfis- og loftlagsstefna

Umhverfis- og loftlagsstefna Svalbarðsstrandarhrepps er unnin af Umhverfis- og atvinnumálanefnd Svalbarðsstrandarhrepps.

Umhverfisstefna var unnin árið 2019 og gert var ráð fyrir að hún yrði endurskoðuð árið 2020. Svalbarðsstrandarhreppur er þátttakandi í samstarfsvettvangi sveitarfélaga um loftlagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem settur var á laggirnar árið 2019.

Samkvæmt lögum 70/2012 um loftlagsmál skulu sveitarfélög samþykka loftlagsstefnu og hér er samþykkt stefna Svalbarðsstrandarhrepps í loftlags og umhverfismálum. Stefnuna ber að endurskoða á 4 ára fresti. Sveitarstjórn setji sér aðgerðaráætlun í upphafi kjörtímabils.

Umhverfis- og atvinnumálanefnd
Svalbarðsstrandarhrepps 2018-2022

